

Alþingi
Erindi nr. 135/2
komudagur 20.7.2007

From: Herbert Hauksson [mailto:herbert@mountaineers.is]
Sent: 20. júlí 2007 16:08
To: Ritstjóri vefsins
Subject: Umsókn til samgöngunefndar F336

Ágætu nefndarmenn Samgöngunefndar.

Sæki hér með um vegabætur vegna vegs númer F336. Vegur þessi liggur frá Kjalvegi að Langjökli um Skálpanes. Ástæða þess að ég ber fram þessa ósk við samgöngunefnd er vegna þess að Vegagerðin segist ekki hafa fjármagn í þennan veg.

Við enda vegs númer F336 stendur þjónustumiðstöð sem Skálpi ehf rekur. Einnig er rekin þarna vélsleðaleiga og trukka leiga sem flytur fólk á jökulinn.

Starfsemi Skálpa ehf er ferðaþjónusturekstur við veg númer F336. Vertíðin hefst 10 janúar ár hvert við jökulinn og stendur til 1. júní. Á þessum tíma koma til okkar nær eingöngu erlendir ferðamenn sem koma í sérstöku hvataferðum. Frá 1. júní koma til okkar einstaklingar bæði erlendir og innlendir. Þeir koma sér sjálfir á staðinn í bílaleigubílum. Einnig frá þeim tíma fáum við um 10.000 Taiwaní sem koma til okkar á rútum. Þessu tímabili líkur fyrsta 1. september en þá taka hvataferðir aftur við og endast fram í desember.

Vandræði hafa nú skapast í allt sumar þar sem miklir drullukaflar hafa verið í veginum. Rúturnar hafa ekki komist upp að þjónustumiðstöðinni. Við höfum því þurft að sækja fólk á 6 hjóla fjallarútu með drifi á öllum hjólum og ferja fólk þannig yfir drullukaflana. Þessi 6 hjóla bíll er eina tækið sem drifur í svaðinu en hann tekur aðeins 32 farþega. Vegur númer F336 stendur fyrirtækinu verulega fyrir þrifum.

Höfum staðið í þessum reskri frá 1996 og rekum nú 70 vélsleða við jökulinn og greiðum mjög hátt vegjald í forni bensíns en sleðarnir nota ekki vegi.

Ef umsókn þessi kemur til greina hjá nefndinni, skal ég fúslega veita frekari upplýsingar, því mikið er í húfi hvað framtíðina varðar.

Með vinsemi og virðingu.

Herbert Hauksson
fjármálastjóri. 696-5116

Skálpi ehf
Fjallamenn ehf
Mountaineers of Iceland
Tunguhálsi 8
110 Reykjavík